

3 Niðurstaða brunavarna

Brunasamstæður

Hver hæð er sér brunasamstæða sem er stærst u.þ.b. 470 m² (1.hæð).

Brunahólfun

Kjallari skiptist í þrjú sterk brunahólf sem hvert um sig er með A-REI60 veggjum og EI-CS60 hurðum (bókasafnsgeymsla, fjölnotasalur og skjalasafn).

Fyrsta hæð skiptist í tvö brunahólf, bókasafn (u.þ.b. 300 m²) og tónlist (u.þ.b. 80 m²).

Önnur hæð, bókasafn, er eitt brunahólf (u.þ.b. 300 m²).

Þriðja hæð skiptist í 3 brunahólf, skrifstofur (u.þ.b. 180 m² ásamt kaffistofu sem er sér brunahólf) og lesstofur ásamt tölvuveri (u.þ.b. 115 m²).

Stigahús og lyftuhús ásamt kaffiafdrepi á 2. og 3. hæð er sér brunahólf með A-EI60 veggjum, E30 gleri og E-CS30 hurðum.

Burðarþáttur

Burðarvirki skulu vera úr R60 byggingarhlutum, þ.m.t. styrkingar á gólfburðarvirki. Hæðarskil verða a.m.k. REI60.

Klæðningar

Vegg- og lofklæðningar verða í flokki 1.

Flóttaleiðir

Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá hverju brunahólfi.

Úr kjallara er flóttaleið um stigahús og úr fjölnotasal.

Frá fyrstu hæð er flóttaleið um stigahús og beint út frá afgæiðslu og barnadeild.

Frá 2. hæð er flóttaleið beint út og um stigahús.

Frá 3. hæð er flóttaleið um stigahús og út um hringstiga í lesstofu.

Viðvörðunarkerfi

Sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi skv. ÍSTEN 54 og reglum Brunamálistofnunar verður í öllu húsinu.

Loftræstikerfi

Loftræstikerfi verður þannig frágengið með brunalokum að það rýri ekki brunahólfun hússins.

Reyklosun

Sjálfvirk reyklúga verður sett í stigahús (a.m.k. 1 m²) sem opnar við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

Slöngukerfi og slökkvitæki

Slöngukerfi verða sett upp í húsinu þannig að hægt sé að ná með þeim út í öll horn. Viðeigandi gerðir handsökkvitækja skulu sett upp á heppilegum stöðum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður skv. byggingarreglugerð í öllu húsinu.



HAMRABORG 11
200 KÓPAVOGUR

SÍMI: 564-4099
FAX: 564-4098

FARSÍMI: 892-5118
BODTÆKI: 845-8107

Netfang:
vsi@verk.is

4 Byggingatæknileg atriði (rökstuðningur)

4.1 Brunasamstæður og brunahólfun

Skipting í brunasamstæður og brunahólf er skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar.

Brunahólfun stigahúss

Skv. byggingarreglugerð skulu stigahús mynda sérstakt brunahólf sem er aðskilið frá hæðum með a.m.k. A-EI60 veggjum og E-CS30 hurðum (gr. 204.3). Vegna veikleika á brunavörn á lyftu er lyftuhús og stigahús tekið saman í brunahólf. Stigahús og lyftuhús ásamt kaffiafdrepi á 2. hæð og 3. hæð mynda sér brunahólf sem er aðskilið frá hæðum með AEI60 byggingarhlutum, E30 gleri og E-CS30 hurðum. Þetta teljum við ásettanlegt þar sem aðstæður fyrir bæði 1. og 2. hæð, þar sem vænta má mesta fjölda fólks, eru þannig að flóttaleiðir eru beint út af hæðunum auk stigahússins (þar af tvær á 1. hæð). Frá kjallara eru tröppur beint út auk stigahússins og frá 3. hæð er rúmur hringstigi utan á húsinu sem nær aðeins yfir eina hæð auk stigahússins. Þá er stigahúsið útbúið með sjálfvirkri reyklosun sem skal opna við brunaboð.

4.2 Flóttaleiðir úr bókasafni 2. hæð

Flóttaleiðir úr bókasafni fullorðinna (stærri sal) eru annars vegar beint út og hins vegar út í stigahús sem leiðir beint út og eru að því leitinu óháðar hvor annari. Þessar flóttaleiðir eru hins vegar á sömu hlið þannig að afstaða þeirra eru ekki óháðar gagnvart flótta úr horni salar þó að flóttaleiðirnar leiði til staða sem ekki er háðir hvor öðrum gagnvart eldi og reyk. Skv. NFPA 101 má gera ráð fyrir u.þ.b. 30 manns í salnum. Miðað er við 0,2 menn/m² á bókasafni og nettó gólfhlöt þegar búið er að draga frá bókahillur og rekka. Þetta gefur u.þ.b. 145 m² gólfhlöt og 30 manns. Skv. gr. 206.3 eru gerðar kröfur um fullkomlega óháðar flóttaleiðir fyrir fleiri en 50 manns. Hér gildir því frekar grein 206.2 í gagnvart öryggi fólks. Við teljum þó að flóttaleiðir séu nær því að uppfylla grein 206.3 en 206.2 og teljum því öryggi fólks á þessari hæð vel viðunandi og uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar varðandi öryggi fólks. Einnig skal á það bent að fullgilt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu sem eykur öryggi fólks í húsinu til muna.

4.3 Burðarþáttur

Burðarvirki skulu almennt vera úr R60 byggingarhlutum. HE 220 A styrkingar fyrir gólfplötur skulu varðar með CAFCO eldvarnarefni eða sambærilegu þannig að þær verði R60.

4.4 Reyklosun

Þar sem stigahús inniheldur kaffiafdrep á 2. og 3. hæð sem er í sama brunahólfi ásamt lyftuhúsi er gerð sú krafa að sett verði sjálfvirk reyklúga í stigahúsið. Reyklúgan skal vera a.m.k. 1 m² að stærð sem skal opna við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

4.5 Loftræstikerfi

Við brunaboð frá brunaviðvörðunarkerfisstöð skal loftræstikerfið slökkva á sér.

Efni í loftræstikerfum skulu vera þannig að þau stuðli ekki að eld- eða reykútbreiðslu.

Lofstokkar skulu vera a.m.k. í E60. Stýrilokur inn í brunahólf skulu vera E60.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

18/9'00
Dokkja Þorhildur



HAMRABORG 11
200 KÓPAVOGUR

SÍMI: 564-4099
FAX: 564-4098

FARSÍMI: 892-5118
BODTÆKI: 845-8107

Netfang:
vsi@verk.is